

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Áætlaðar framkvæmdir stofnanalóða 2023.

Dags: 05.07.2023

Málsnúmer: 202211340

Sendandi: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs og Gunnhildur M. Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs.

Umhverfissvið og fræðsluvið hafa undanfarna mánuði unnið að undirbúningi framkvæmda við endurnýjun stofnanalóða í nánu samráði. Forgangsröðun lóðarframkvæmda hefur tekið breytingum í samræmi ábendingar síðustu misseri um brýnar lagfæringar. Þannig hafa bæst við nokkrar ófyrirséðar framkvæmdir, sérstaklega við leikskóla bæjarins. Í meðfylgjandi minnisblaði er yfirlit yfir umræddar framkvæmdir og stöðu þeirra.

Forsaga:

Lagt var upp með það verkefni við síðustu fjárhagsáætlunargerð að lögð yrði sérstök áhersla á endurgerð grunn- og leikskólalóða. Minnisblað þetta gerir grein fyrir áætlaðri framvindu þeirra verkefna á yfirstandandi ári. Gerð er grein fyrir stöðu fjárhagsramma vegna framkvæmda og hönnunar skólalóða í Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Unnið er að framkvæmdum og áframhaldandi vinnu við þarfagreiningu og útboðshönnun vegna framkvæmda við skólalóðir í Mosfellsbæ. Neðangreind tafla sýnir þær framkvæmdir sem unnið er að á ýmsum stigum s.s. undirbúning, forhönnun, útboðshönnun, í vinnslu og framkvæmd. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna:

LÓÐARVERKEFNI	FJÁRHAGSÁÆTL. 2023	KOSTNAÐARÁÆTLUN FRAMKVÆMDA '23	MISMUNUR	STUTT LÝSING FRAMKVÆMDAR
Lóðir - safnliður	50.000			
Varmárskóli	0	20.000		Fyrsti áfangi fari í útboð í ágúst 23
Lágafellsskóli	0	5.000		forhönnun
Kvíslarskóli	0	0	0	Í bið
Krikaskóli	15.000*	0		Í bið
Reykjakot	30.000	37.000**	-7.000	Í framkvæmd
Hlaðhamrar	20.000	21.000 ***	-1.000	Búið að bjóða út
Hulduberg	0	3.000	-3.000	Í vinnslu
Leirvogstunguskóli	0	15.000	-15.000	Í vinnslu
SAMTALS	115.000	101.000	-26.000	

*Á áætlun undir fjárfestingum í gatnagerð

**Samþykkt á 1576. fundi bæjarráðs þann 19.4.2023

*** Tillaga um samningsgerð við lægstbjóðanda liggur fyrir fundi bæjarráðs 1587 þann 20. júlí 2023.

Nánari lýsing á stöðu einstakra lóðarframkvæmda:

Varmárskóli

Búið er að hanna fyrstu áfanga lóðar Varmárskóla og er gert ráð fyrir að óskað verði eftir heimild bæjarráðs í júlí 2023 til útboðs. Samkvæmt áætlun um framkvæmdir er gert ráð fyrir að meginþungi lóðarframkvæmda verði næstkomandi vor. Fyrsti áfangi innifelur gerð nýs battavallar á suðurhluta lóðarinnar. Þá er gert ráð fyrir að málaðar myndir og einföld leiktæki verði sett upp í lok júlí á lóð skólans. Enn fremur er verið að vinna að endurskipulagningu eldhúss Varmárskóla og samhliða því er verið að útbúa nýja aðkomu fyrir aðföng að eldhúsi. Sú fjárveiting er tilgreind annars staðar í fjárfestingaráætlun.

Lágafellsskóli

Unnið er að forhönnun lóðarinnar en ráðgert er að halda samráðsfund í byrjun september til hefja hönnun á fullum krafti, þannig að mögulegt sé að bjóða út verkefnið í upphafi árs 2024.

Kvísarskóli

Framkvæmdir við endurnýjun lóðar eru á bið vegna umfangsmikilla framkvæmda við skólann sjálfan.

Krikaskóli

Deiliskipulag vegna færslu brettavallar var samþykkt nýverið af skipulagsnefnd en farið var fram á frekari gögn til kynningar. Gögnin eiga að liggja fyrir eftir sumarfrí ráðgjafa.

Reykjakot

Framkvæmdin var boðin út á yfirstandandi ári og voru tilboð aðeins hærrí en kostnaðaráætlun. Áætlaður heildarkostnaður nemur því 37 m.kr. en fjárhagsramminn er 30 m.kr. Mismunur er 7 m.kr. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki í byrjun hausts. Bæjarráð heimilaði umhverfissviði að ganga til samninga við Varg ehf. um gerð verksamnings á 1576. fundi sínum þann 19. apríl 2023.

Hlaðhamrar

Búið er að bjóða út fyrsta áfanga lóðarframkvæmda við leikskólann Hlaðhamra og er ósk um heimild til samningagerðar áætluð fyrir fund bæjarráðs 20. júlí 2023, en bæjarráð gaf heimild til útboðs framkvæmda við lóð Hlaðhamra á 1580. fundi sínum þann 17. maí 2023.

Hulduberg

Skipta þarf út úr sér gengnum kastala og setja nýjan sem hæfir aldursamsetningu leikskólans. Ekki er fjárveiting á yfirstandandi ári til verkefnisins, en ráðgert er að það sem upp á vantar nemi 3 m.kr.

Leirvogstunguskóli

Að mati fræðslusviðs og skólastjóra Leirvogstunguskóla er mjög mikilvægt að leikastaða yngstu barna verði lagfærð, bætt verði við leiktækjum fyrir yngsta aldurshópinn og girðingum bætt við, lóðin verði enn fremur betur drenuð og stígar lagfærðir. Áætlaður kostnaður er 15 m.kr. en ekki er gert ráð fyrir kostnaði í gildandi fjárhagsáætlun. Verkefnið er í vinnslu.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Björg Hansen



Mosfellsbær

Gunnhildur María Sæmundsdóttir